

Á landsmóti STÍ í 50 metra liggjandi riffli, sem haldið var á Ísafirði laugardaginn 22.október sigraði Valur Richter úr Skotíþróttafélagi Ísafjarðar með 614,5 stig, annar var Jón Þór Sigurðsson úr Skotíþróttafélagi Kópavogs með 612,3 stig og í þriðja sæti Stefán Eggert Jónsson úr Skotíþróttafélagi Kópavogs með 608,8 stig. Aðeins einn keppandi mætti í kvennaflokk, Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur, og endaði hún með 612,4 stig.